

Byggingarefni.

Breytingin frá eldra leiðbeiningablaði er að staðlarnir sem áður var vísað til eru felldir út og EN-staðallinn tekinn upp sem viðmiðun.

Viðmiðun:

147.1 Brunamálastofnun eða annar viðurkenndur aðili úrskurðar um brunaflokkun byggingarefna sem skal byggja á viðurkenndum stöðlum.

- a. Óbrennanlegt byggingarefni skal a.m.k. uppfylla ákvæði ÍST EN 13501-1 um flokkunina A2-s1,d0.
- b. A-efni: Byggingarefni sem er illbrennanlegt og breiðir ekki út eld. Það skal a.m.k. uppfylla ákvæði ÍST EN 13501-1 um flokkunina B-s1,d0.
- c. B-efni: Byggingarefni sem erfiðlega kviknar í, breiðir hægt út eld og myndar takmarkaðan reyk við bruna. Það skal uppfylla ákvæði ÍST EN 13501-1 um flokkunina D-s2,d0.
- d. Eldnæmt byggingarefni: Byggingarefni sem ekki nær að uppfylla kröfur til flokks D-s2,d0 og má ekki nota óvarið í byggingar.

Tegund byggingarefnis	Eldri flokkur	Evrópsk flokkun	Viðkomandi grein í byggingarreglugerð nr. 441/1998
Óbrennanleg	Óbrennanlegt	A2 - s1, d0	147.1
Illbrennanlegt	A-efni	B - s1, d0	147.1
Erfiðlega kviknar í, breiðist hægt út	B-efni	D – s2, d0	147.1
Eldnæmt	Eldnæmt byggingarefni	Nær ekki ofanrituðu	147.1